

Nemendaverndarráð er starfrækt samkvæmt reglugerð 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Þar segir m.a. um hlutverk nemendaverndarráðs að það sé að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðanda skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu.

Vísun mála til nemendaverndarráðs (19. gr.):

- Fáir nemandi ekki fullnægjandi aðstoð vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til nemendaverndarráðs.
- Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu.
- Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðipjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.
- Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur.
- Nemendaverndarráð skal taka fyrir málefni sem vísað er til ráðsins eins fljótt og auðið er.

Nemendaverndarráð Húnaskóla fundar aðra hvora viku á miðvikudögum. Á þessum fundum er farið yfir beiðnir sem borist höfðu frá kennurum og/eða foreldrum um ósk eftir sérfræðiaðstoð en einnig er farið yfir stöðu á mála.

Í nemendavernd sitja deildarstjóri stoðþjónustu, aðstoðarskólastjóri, fræðslustjóri, ráðgjafi á skólaskrifstofu, sem einnig situr í barnavernd, og skólahjúkrunarfræðingur.